

MEISTRI

Útgefandi: Jafnaðarmannafélag Siglufjarðar.

IV. árg.

Siglufirði, miðvikudaginn 8. apríl 1936

11. tbl.

SOPHUS A. BLÖNDAL

— ÖRFÁ KVEÐJUORÐ. —

Síðastliðinn mánudag var jarðsettur Sophus A. Blöndal, ræðismaður og skrifstofustjóri. Munu allir þeir, er nokkuð til hans þekktu, það vilja mæla, að með honum sé til moldar hniginn einn mætasti og allra vinsælasti borgari þessa bæjar.

Þegar fregnin um andlát Blöndals barst um bæinn 22. marz, setti marga hljóða. Þessi maður hafði með framkomu sinni vakið almenna aðdáun og virðingu, og í því ríkara mæli, sem menn stóðu honum nær.

Það er ekki meining mín með línum þessum, að rekja æfiferil Sophusar Blöndal, þótt hann sé mjög fjölpættur og í alla stadi hinn merkilegasti. Það hefir verið gert all itarlega í Einherja og Siglufirðing. Vísa ég til þeirra blaða í því efni. En mig langar til að minnast lítilega þess manns, sem eg tel mig eiga mikið gott upp að unna.

Eg þekkti Blöndal heitinn aðeins skamma stund. Samt munu minningarnar um samverustundir okkar verða mér ógleymanlegar og kærar alla æfi. Hann átti í ríkum mæli þann „heita blæ, sem til hjartans nær“, og var því óvenjulega aðlaðandi maður. Það var eins og hann andaði frá sér góðum áhrifum. Slíkir menn eru mikils virði. Þeir gera umhverfi sitt hlýtt og hjart og snerta strengi, sem annars sjaldan óma.

Þótt ég ávalt muni Blöndal heit-



Sophus A. Blöndal.

inn sem góðan húsbónda og sérlega kærán samstarfsmann, er hann mér þó minnisstæðastur sem félagi. Eg get ekki hugsað mér nokkurn, sem komist hafi í kynni við Blöndal án þess að unna honum. „Hann átti svo margt, er óskum vér, að innst væri í hjartans leyfum“.

Þær munu mér aldrei úr minni líða stundirnar, er við Blöndal sátum einir og ræddum ýms hugðar efni. Þá fann eg bezt yfir hvílikum yl hann bjó. Hugarhlýju hans fá ekki orð lýst. — En mér finnst þetta erindi komast nokkuð nálægt því, sem eg vildi segja:

„Tamt var honum hljómsins listamál, löngun hans um ljóssins heima dreyndi,

ljúft með óm frá hjartadjúpi streymdi allt, sem fann hin svanablíða sál“.

Það leyndi sér ekki, að „hugarstefnan var til ljóssins landa, lýsti það sér jafnt í orði og gjörð“.

Eg á bágt með að setta mig við fráfall Blöndals. Von mín var sú, að vér mættum njóta hans lengur. En — nú er það skeð sem orðið er. „Að hryggjast og gleðjast hér um fáa laga, að heilsast og kveðjast — það er lífsins saga“. — Eftir lifir minningin ein. Sophus Blöndal er ódauðlegur í hugum allra þeirra, er hann náði að verma. Í gegn um bros hans, handtak og hlýleg vinarorð fundum vér yl hjarta hans. Vér munum hinn tilfinningaríka mann og góða dreng, er var svo hárfinn og viðkvæmur, að margt það, sem fer framhá öllum þorra manna, gat sært hann og hryggð, hann sem sá líka hið fagra og góða í fleiru en flestir aðrir og gladdist af því.

Kæri Blöndal! Um leið og ég þakka þér hugðnæma viðkyrningu, votta ég þeim, sem þú unnir mest, — konu þinni og dætrum — hjartans samúð mína. Svo kveð ég þig í hinnta sinn og árna þér allra heilla í hinum nýju heimkynnum þínum. — Og ég kemst ekki hjá því að segja að lokum:

„Ó, að við marga ættum líka þér, hve yrði heimur miklu hlýrri og betri.

Baldvin P. Kristjánsson.